

Miðvikudaginn 18. desember 1957.

Nr. 105/1957. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson hrl.)

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómarmennirnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Magnús Þ. Torfason.

Sýknað af ákæru um brot á heilbrigðissamþykkt Reykja-
víkur.

Dómur Hæstaréttar.

Fallast má á það með héraðsdómara, að samþykkt heil-
brigðisnefndar Reykjavíkur 20. desember 1955, sú er í hér-
aðsdómi getur, hafi eigi næga stöð í heilbrigðissamþykkt
kaupstaðarins. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um
sýknu ákærða og málskostnað í héraði.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á rikissjóð allan áfrýj-
unarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og
verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Refsing verjanda ákærða í héraði, Þorvalds Þórarinsson-
ar héraðsdómslögmanns, þykir samkvæmt lagaboðum þeim,
er í héraðsdómi greinir, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt
til rikissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar,
ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms
þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, á að vera sýkn af
kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Þorvaldur Þórarinsson héraðsdómslögmaður greiði
1000 króna sekt í rikissjóð, og komi 6 daga varðhald
í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4
vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera
óraskað.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dómnum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1957.

Ár 1957, föstudaginn 2. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1354—1355/1957: Ákærvaldið gegn Þorsteini Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms nú samdægurs.

Málið er höfðað gegn Þorsteini Þorsteinssyni iðnaðarmanni, til heimilis á Bergstaðastræti 48 hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dags. 27. marz s.l., ákærður „fyrir að hafa allt til þessa selt óinnpakkað sælgæti til verzlana í Reykjavík frá Sælgætisgerðinni Póló, þrátt fyrir samþykkt heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, sem kom til framkvæmda 1. júlí 1956, um að slíkar vörur, ætlaðar til smásölu, skuli ætíð geymdar og afhentar í hreinum smásöluumbúðum og fluttar á sölustað í þeim. Brot þetta þykir aðallega varða við 253. gr., en til vara við 56. gr., sbr. 1. mgr. 255. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11/1950.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur 6. janúar 1905 á Seyðisfirði. Hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

Þann 23. sept. 1939 var hann dæmdur í 100 kr. sekt og sviptur ökuleyfi 3 mánuði fyrir heimildarlausa töku bíls og akstur með áfengisáhrifum. Árin 1929—1956 hlaut hann tólf sinnum sektir fyrir brot á umferðarlöggjöfinni, frá kr. 10.00 til kr. 400.00 hvert sinn, auk sjö áminninga fyrir sama. Þá hefur hann einu sinni hlotið áminningu fyrir ölvun, og þann 30. sept. 1933 var hann sektaður um kr. 300.00 fyrir að brjóta brunaboða.

Málavextir eru þessir:

Ákærði setti á stofn sælgætisgerðina Póló hér í bæ árið 1951. Fjórir menn vinna nú við fyrirtækið. Ákærði framleiðir aðeins lakkrísvörur, svo sem lakkrísrúllur, stengur, staura, rör og reimar. Ákærði þakkar framleiðslu sína í pappaöskjur, sem klæddar eru að innan sellófan eða smjörpappír. Þannig flytur hann framleiðsluna á sölustaði hér í Reykjavík.

Á fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 20. desember 1955 var samþykkt, að allt sælgæti, sem ætlað væri til smásölu, skyldi geymt og afhendast í hreinum smásöluumbúðum, enda skyldi það ætíð flutt á sölustaði í þeim. Með bréfi, dags. 28. desember 1955, var ákærða send tilkynning um þessa samþykkt heilbrigðisnefndar, en samþykktin átti að koma til framkvæmda 1. febrúar 1956, en fyrir beiðni sælgætisframleiðenda var fresturinn framlengdur til 1. júlí 1956. Fékk ákærði tilkynningu um þetta með bréfi, dags. 30. apríl 1956. Vegna fyrirspurnar frá ákærða var tilkynning þessi ítrekuð í bréfi til ákærða, dags. 14. maí 1956.

Undanþegið skyldunni um að innpakka allt sælgæti er þó lakkriskonfekt, brjóstsykur og aðrir harðir sælgætismolar, er auðveldlega má afgreiða með skeið úr þar til gerðum ílátum, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir.

Ákærði virti ekki boð heilbrigðisnefndar af ástæðum, sem síðar verða raktar. Heilbrigðisnefnd samþykkti því á fundi sínum þann 30. október 1956 áminningu til ákærða um að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um innpökkun sælgætis. Var ákærða sent bréf um þetta, dags. 2. nóvember 1956.

Ekki lét ákærði skipast við þetta og hélt uppteknum hætti með innpökkun á framleiðslu sinni. Hann sótti jafnframt um undanþágu frá þessu ákvæði heilbrigðisnefndar. Heilbrigðiseftirlitið ákvað því að veita ákærða til reynslu í nokkrar vikur leyfi til, að lakkrísrúllur, er ákærði framleiddi, mætti seljast í smásöluastaði óinnpakkaðar með því skilyrði, að á smásölustöðunum væri glerílát, er rúllurnar yrðu seldar úr. Var ákærða tilkynnt þetta með bréfi, dags. 4. desember 1956. Ákærði keypti því glerílát og lét þau á staði þá, sem hann seldi lakkrísrúllur. Misbrestur varð á því, að kaupmenn gættu þess, sem skyldi, að afgreiða lakkrísrúllurnar úr glerílatum þessum. Þar sem þetta gaf ekki þá raun, sem skyldi, og enn fremur, að ákærði hafði virt að vettugi boð heilbrigðisnefndar um innpökkun annarra tegunda framleiðslu sinnar, kærði borgarlæknirinn í Reykjavík, með bréfi, dags. 19. janúar s.l., ákærða fyrir brot á ákvæðum heilbrigðis-samþykktar fyrir Reykjavík. Leiddi sú kæra til máls þessa, sem hér er til úrlausnar.

Í fyrrnefndu bréfi borgarlæknis til ákærða, dags. 4. desember 1956, segir m. a. á þessa lund:

„.... Notkun glerílátá undir sælgæti er ekkert nýmæli hér á landi, þau hafa verið notuð undir sælgæti árum saman í fjölmörgum verzlunum. Reynsla heilbrigðiseftirlitsins undanfarin ár

er hins vegar sú, að notkun þeirra er engin trygging fyrir því, að vörur, sem úr þeim eru afgreiddar, séu meðhöndlaðar á viðunandi hátt. Nauðsyn ber til að takmarka notkun gleríláta þessara í nefndu skyni.

Langsamlega flestir sælgætisframleiðendur hafa gert sér grein fyrir þessum staðreyndum og pakka inn framleiðslu sína samkvæmt fyrirmælum nefndarinnar, m. a. sömu vörutegundir og fyrirtæki yðar framleiðir. Svo virðist sem framleiðendur þessir telji ekki vera þá annmarka á framkvæmd verksins, sem þér viljið vera láta“

Fyrir dómi benti ákærði á, að hann gæti ekki borið ábyrgð á því, að kaupmenn notuðu eigi glerílátin, sem hann hefði útvegað þeim til að afgreiða lakkrísrúllurnar úr. Ákærði skýrði frá því, að ástæðan til þess, að hann hefði eigi séð sér fært að hlýða boði heilbrigðisnefndar um innpökkun sælgætisins, væri sú, að innpökkunin myndi hafa í för með sér slíkan aukakostnað, að það myndi riða fyrirtækinu fjárhagslega að fullu. Framleiðsluverðið myndi að sjálfsögðu hækka, sem þessu næmi. Vöruhækkanir væru bannaðar. Þá kemur og það til, að ákærði vill halda smásöluverðinu á framleiðslu sinni niðri.

Þegar samþykktin frá 20. desember 1955 var gerð, hafði langa hríð tíðkast, að sælgætisframleiðendur pökkuðu ekki ýmsum sælgætistegundum í smásöluumbúðir, þ. e. hvert stykki um sig var ekki pakkað inn. Svo var m. a. háttað um lakkrís-sælgæti, eins og það sem ákærði framleiðir. Er gildandi heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík var gerð árið 1950, var eigi tekið upp í hana ákvæði um innpökkun á sælgæti né heldur var heilbrigðisnefnd veitt almenn heimild til að kveða nánar á um innpökkun sælgætis. Þá er víða gert ráð fyrir því í gildandi heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík nr. 11/1950, að vörur séu afgreiddar á sölustöðum „umbúðalausar“, t. d. í 7. tl. 79. gr., 5. tl. 135. gr. og 151. gr., enda er slík afhending „umbúðalausra“ vörutegunda mjög algeng í verzlunum hér í Reykjavík, svo sem alkunna er. Þegar svo er háttað, skal afgreiða vöruna með skeið, skóflu, spaða eða töng eða öðru því líku tæki, shr. t. d. 151. gr. heilbrigðissamþykktarinnar.

Eins og augljóst er, hlýtur innpökkun í smásöluumbúðir sem þær, er samþykktin frá 20. desember 1955 gerir ráð fyrir, að hafa í för með sér aukinn kostnað.

Með vísan til alls þess, er nú hefur verið rakið, er það álit dómsins, að samþykkt heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 20. desember 1955 geymi ákvæði, sem fela í sér það veigamikla

röskun á þeirri venju, sem tíðkapt hefur um meðferð sælgætis, að samþykktina verður að telja „breytingu“ í skilningi 4. gr. laga nr. 35/1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Þess vegna bar heilbrigðisnefnd að leggja samþykktina frá 20. desember 1955 fyrir bæjarstjórn, sem síðan átti að leita staðfestingar ráðherra, og, ef hún hlyti staðfestingu, bar að birta hana með lögskipuðu móti, svo sem nánar segir í lögum nr. 35/1940.

Þar sem þessa hefur eigi verið gætt, hefur samþykktin frá 20. desember 1955 ekkert lagagildi, og ber því að sýkna ákærða af ákærunni um brot á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00.

Í málsvörn sinni fann skipaður verjandi hvöt hjá sér til að senda borgarlækni óviðurkvæmilegar hnútur. Verjandinn briggjaði t. d. lækninum oftast en einu sinni um, að hann hefði hvorki þekkingu né sérþekkingu á heilbrigðismálum. Þá var verjanda tíðrætt um það, sem hann kallaði duttlunga, sérvizku og hér-villingshátt borgarlæknis. Fleira mælti verjandi niðrandi um borgarlækni í þessum dúr.

Með þessum ósæmilegu ummælum um borgarlækni þykir verjandinn hafa unnið sér til sektar, er þykir með tilliti til þess, að hann hefur áður hlotið sekt fyrir ósæmileg ummæli í málsvörn, sbr. dóm Hæstaréttar frá 17. nóvember 1954, og samkvæmt 160. gr., sbr. 159. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, hæfilega ákveðin kr. 500.00, sem renni í ríkissjóð og afplánist með varðhaldi 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, á að vera sýkn af kröfum um ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hdl., að upphæð kr. 1500.00.

Þorvaldur Þórarinsson hdl. greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.